

Bæjarráð Árborgar.
Eggert Valur Guðmundsson formaður.

Selfossi 9.6.2020

Efni: Öryggismyndavélar í Sandvíkurhreppi.

Í Hverfisráði Sandvíkurhrepps hefur orðið töluverð umræða um öryggsmál íbúa hreppsins. Nú síðast vegna innbrota og óeöllilegar umferðar að kvöldi og nóttu um Tjarnabyggð. Þegar settar voru upp öryggismyndavélar á Selfossi og á Eyrarbakka varð umræða um af hverju væri ekki sett myndavél við afleggjarann inn í Tjarnabyggð.

Það vekur einnig athygli að ekki skuli vera myndavélar við allar leiðir þar sem hægt er að aka út úr sveitarfélagini þannig að rekja megi umferð er innbrot verða.

Í ljósi þriggja innbrota í Tjarnabyggð og mikillar umferðar ókunnugra bíla að kvöld og næturlagi, þá óskum við eftir að settar verði upp öryggismyndavél upp við gatnamótin á Tjarnabyggð og Eyrarbakkavegi.

Íbúar Tjarnabyggðar hafa orðið undanfarna mánuði varir við óvenjumikla umferð bíla, sem greina má sem óeöllilega umferð, þar ökumenn eru að ferðast um hverfið stefnulaust, kvöld og nætur. Eins og fyrr segir hafa orðið svo best við vitum þrjú innbrot hérrna í hverfinu ásamt því að reynt hefur verið að komast inn í nokkur hús.

Í umræðum um öryggismál íbúa, þá kom fram að sambærilegar áhyggjur eru hjá íbúum við Votmúlaveg.

Vegna þess óskum við eftir því að settar verðir upp 2 myndavélar, það er við innkomu inn í Tjarnabyggð og síðan við Smjördali.

Myndavélar eru á gatnamótum Eyrarbakka, Stokkseyrar og Eyrabakkavegi og síðan á leiðinni frá Selfoss í átt að Eyrarbakka. Þess vegna er ekki erfitt fyrir þá sem eru hér í óvinsamlegum tilgangi að fara Votmúlaveginn og sleppa við myndavélar.

Virðingarfyllst

Fh. Hverfisráðs Sandvíkurhrepps

Margrét Katrín Erlingsdóttir
Magrét Katrín Erlingsdóttir formaður.